

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis HSSA á Höfn,
Sveitarfélaginu Hornafirði.

Sveitarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 12. desember 2019 breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis HSSA á Höfn. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að byggingarreitur Víkurbrautar 25 og 27 er sameinaður í einn. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 16. desember 2019.

Gunnlaugur Róbertsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2020